



Stjórn Bankasýslu ríkisins
b.t. Lárusar L. Blöndal
Borgartúni 3
105 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 24. janúar 2018
Tilv.: FJR18010125/6.2

Vísað er til minnisblaðs Bankasýslu ríkisins til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 15. janúar 2018, þar sem reifuð eru málefni er varða stjórnarhætti Arion banka hf., afgreiðslu miklvægra mála innan bankans og áform um viðbrögð stofnunarinnar til að vernda hagsmuni ríkisins sem hluthafa í bankanum. Efni minnisblaðs Bankasýslu ríkisins var kynnt af formanni stjórnar á fundi ráðherranefndar um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins þann 18. desember 2017 og lagt fram í endanlegri gerð á fundi nefndarinnar þann 16. janúar síðastliðinn.

Í umfjöllun ráðherranefndarinnar var tekið undir þau sjónarmið sem fram hafa komið af hálfu Bankasýslu ríkisins um mikilvægi þess að stofnunin gæti hagsmuna ríkisins sem hluthafa í Arion banka hf. í samræmi við hlutverk stofnunarinnar að lögum og eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálfyrirtæki. Er þess óskað að Bankasýslan upplýsi ráðuneytið um frambindu þeirra atriða sem fjallað er um í fyrrgreindu minnisblaði stofnunarinnar eftir því sem tilefni gefst til.

Þá er þess þess hér með óskað að Bankasýslan lýsi afstöðu sinni til helstu kosta sem kunna að vera fyrir hendi varðandi framhald eignarhalds ríkisins á eignarhlutum í Arion banka hf.